

Fundargerð

67. stjórnarfundur FHA haldinn 26. jan. 2015 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Óskarsson, Ólína Freysteinsdóttir, Hreiðar Þór Valtýsson, og Þorlákur Axel Jónsson. Forföll boðuðu Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir og Pia Viinikka.

Dagskrá:

1. Fundagerðir stjórnar

Fundagerðir fyrir stjórnarfundum nr. 65, 17. nóv., nr. 66, 9. des voru lagðar fram og samþykktar.

2. Fundartími

Ákveðið var að fundartími stjórnar verði annan mánudag hvers mánaðar kl. 12:00 – 13:00

3. Kjaramál

Hjördís Sigursteinsdóttir formaður FHA fór yfir stöðu kjaramála.

- Samstarf verði við félag kennara við HÍ eftir því sem aðstæður gefa færi á og tilefni til.
- FHA mun ekki gera minni kröfur en sambærileg félög við aðra háskóla.
- Ekki verður rætt um sameiningu félaga á okkar vettvangi í tengslum við kjarasamninga. Það er sérstakt mál sem ekki er á dagskrá.
- Áhersla BHM hefur verið á að leiðrétta kjör félagsmanna til samræmis við menntun þeirra.
- FHA mun leggja áherslu á að leiðrétta kjör félagsmanna til samræmis við menntun þeirra.
- FHA leggur áherslu á að kjör félagsmanna verði samræmd í öllum greinum við það sem gerist meðal sambærilegra hópa sem starfa í þeim ríkisreknu háskólum þar sem kjörin eru best.
- FHA er óviðkomandi hvort ríkisvaldið kys að nota 18. aldar aðferðir við að úthluta fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna eða aðferðir samtímans. Krafan er eftir sem áður sú sama; sömu kjör allra starfsmanna.
- FHA lítur á það sem bort á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að mismuna starfsmönnum sínum í launum með þeim hætti sem gert er nú (sbr. Sáttmálasjóður). [ætti etv. ekki að tefla þessu út af því að við nenum ekki í mál, viljum frekar peninginn]
- Samninganefnd ríkisins hefur lýst yfir að til standi að efna loforð um að endurskrifa samninginn í heild sinni.
- Gerður hefur verið stofnanasamningur við HÍ. Hann ætti að geta orðið okkur fyrirmynd að einhverju leyti.
- Innan HA hefur verið rætt um að xxxstig verði 4, 7 eða 10.
- Tímatálingin vegna nefndarstarfa í stað 12% stjórnunarskyldu virkar hér í HA.
- Fundur verður loks haldinn vegna samstarfssamnings í HA í dag, 26. jan. 2015.
- FHA mun boða félagsmenn til fundar um kjaramál mið. 11. feb. 11:30 – 13:00 á Borgum með mat (Greifasalat, kaffi/te, rúsínur), skráning nauðsynleg.
- Undirbúa verður félagsfundinn til þess að hann verði skilvirkur; setja fram kröfur FHA.

4. Önnur mál

- a. Edda Björgvinsdóttir leikkona verður með fræðslufyrirlestur á kostnað félagsins og HA þann 27. feb. nk. Kostnaður FHA verður kr. 100.000,- Rætt var hvort og hvaða veitingar eigi að bjóða á eftir fyrirlestrinum og hvað þær megi þá kosta.
- b. Of seint reyndist að hefja undirbúning jólagjafaverkefnis í des. Hann þarf að hefjast í okt.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:10

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.